# SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

## FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Framkvæmdaraðili:** | Hafnarfjarðarbær | | | | **Fundur nr. :** 44 |
| **Verktaki:** | Munck Íslandi ehf | | | | |
| **Fundarstjóri:** | Arnar Smári Þorvarðarson | | **Fundarritari:** | Hilmar Ástþórsson | |
| **Fundarstaður:** | Verkstað | | | | |
| **Þátttakendur:** | | | | | 27.02.2019 |
| Theodór Sólonsson | *(TS)* | Munck | teddi@munck.is | 842 2142 | **Frá kl. :** 8:30 |
| Jón Ingi Guðmundsson | *(JIG)* | Munck | joningi@munck.is | 894 6488 | **Til kl. :** 10:30 |
| Þorvarður Kristófersson | *(ÞK)* | Munck | thorvardur@munck.is | 842 2180 | |
| Arnar Smári Þorvarðarson | *(ASÞ)* | Verkís | ast@verkis.is | 892 3935 | |
| Hilmar Ástþórsson | *(HÁ)* | Verkís | hia@verkis.is | 846 0011 | |
| Gísli Ó. Valdimarsson | *(GÓV)* | VSB | gisli@vsb.is | 660 8612 | |
| **Dreifing:** Fundarmenn | | | | | **Næsti fundur:** |
| Ásthildur Helgadóttir | *(ÁH)* | Munck | asthildur@munck.is | 620 8009 | Miðvikudaginn 13.mars 2019, kl 8:30 á verkstað. |
| Fjalar Hauksson | *(FH)* | Munck | fjalar@munck.is | 8424742 | |
| Stefán Veturliðason | *(SV)* | VSB | stefan@vsb.is | 6608606 | |
| Sigurður Haraldsson | *(SH)* | Hfj.bær | siggih@hafnafjordur.is | 6645631 | |
| Verkkaupi setur fundargerð á vef Hafnarfjarðar og verður hún þar með opinbert gagn. | | | | | |



Vettvangsmynd *( Áfram er unnið almennt í frágangi innanhúss. Unnið hefur verið að frágangi utanhúss, þ.e. uppsetningu álklæðningar og þá er einangrun þakflatar lokið um 70%. Unnið er í lóðarfrágangi að austanverðu, hellulögn við austurgafl og inn að aðalinngangi 1.hæðar. )*

| Nr. | FUNDARGERÐ: *Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.* | Frestur: | Ábm.: |
|---|---|---|---|

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 43 var yfirfarin og undirrituð.
Haldnir hafa verið 30 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.

**2. Umsjón verkkaupa.**

*Umsjón verkkaupa er :*

| | |
|---|---|
| *Verkefnisstjóri:* | *Stefán Veturliðason (VSB)* |
| *Byggingastjóri:* | *VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson* |
| *Umsjónarm. eftirlits:* | *Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)* |
| *Eftirlit:* | *Hilmar Ástþórsson (Verkís)* |

**3. Umsjón verktaka.**

*Umsjón verktaka er :*

| | |
|---|---|
| *Verkefnastjóri:* | *Fjalar Hauksson* |
| *Staðarstjóri:* | *Ásthildur Helgadóttir* |
| *Verkstjóri:* | *Theodór Sólonsson, Þorvarður Kristófersson* |
| *Jarðvinna:* | *Einar Þór Stefánsson* |
| *Tæknimaður:* | *Jón Ingi Guðmundsson* |
| *Gæðastjóri:* | *Sigurbjörn Bárðarson* |

**4. Tryggingar.**

*Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.*
*Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.*

*Verkkaupi hefur upplýst að búið er að brunatryggja mannvirkið. Verktaki hefur kallað eftir að fá afrit tryggingaskilmála, til að sjá hvað sé innifalið í brunatryggingu. Eftirlit hefur ekki fengið tryggingaskilmála, en bendir á ákvæði útboðslýsingar og greinar 3.9 í ÍST-30, varðandi tryggingar á framkvæmdatíma. Þar kemur fram að verkkaupi skuli hafa byggingu og allt efni á verkstað brunatryggt. Gengið er útfrá því að tryggingarskilmálar séu til samræmis við ÍST-30 og útboðslýsingu.*

Verkkaupi hefur upplýst eftirlit að mannvirkið og byggingarefni á verkstað sé brunatryggt. Skilmálar liggja ekki fyrir hjá eftirliti.

**5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.**

*Vinnuslys sem varð þann 17.07.17 á verkstað er í rannsókn hjá Vinnueftirlitinu og Lögreglu. Verktaki hefur ítrekað sett sig í samband við Vinnueftirlit vegna vinnuslyss/skýrslu, án árangurs og frekari svara.* Vinnueftirlit hefur afhent verktaka afrit af skýrslu vegna umrædds vinnuslyss sem verktaki hefur afhent eftirliti.

Áfram er sérstaklega hugað að umferð gangandi vegfarenda um bæði Sólvangsveg og við Tjarnarbraut, en skólastarf er í fullum gangi. Brýnt að vinnugirðingar og aksturshlið séu ávallt lokuð og verktaki sé áfram vakandi fyrir umferð vinnuvéla um Sólvangsveg, sérstaklega við lóðarfrágang og móttöku aðfanga.

*Verktaki bendir á að ljósastaur framan við akstursblið við Tjarnarbraut logar ekki og bendir einnig á að gata/akstursbringur þar sé ekki hálkuvarin. Eftirlit mun koma athugasemdum áleiðis og ganga eftir úrbótum.* Ó.br. frá síðasta verkfundi, ljósastaur stendur enn ljóslaus, eftirlit mun ganga frekar eftir úrbótum. *ASÞ/HÁ*

Verktaki hefur sett upp fallvarnir/girðingar við þakflöt, en vinna við þakfrágang er í gangi. Þar sem fallvarnir hafa verið fjarlægðar hafa verið settar upp flaggalínur.

**6. Undirverktakar/meistarar.**

Undirverktakar:

- *Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.*
- *Uppsláttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)*
- *Blikksmíði og loftræsting: Stjörnublikk ehf.*
- *Raflagnir: Tengill ehf.*
- *Járnbending: Járn SFM ehf*
- *Flotílögn gólfa: Flotun ehf, Guðmundur Björnsson*
- *Málari: Jón og Marteinn málningarþjónusta ehf*
- *Steinslípun: Litli klettur*
- *Asfaltdúkur: Tambi*
- *Gluggar: Alu plus*
- *Álklæðning: OSS - One Stop Shop*
- *Innréttingar: BIK*
- *Lóðarfrágangur: Krafla ehf.*
- *Léttir gifsveggir og loft: Íslandssmíðar*
- *Gólf- og veggdúkar: OG slf.*
- *Gólfílagnir baðherbergja: JK Múr*
- *Fólkslyftur: Kone*
- *Gluggafrágangur að innan: SS Múr*
- *Flóttastigar: Vélsmiðja Konráðs*
- *Steðji: málsmíði súlna í tengigangi*
- *Ístak: suðumenn í súlum tengigangi*
- *Stálsmíði: Tækni ehf*
- *Þakfrágangur: Höfuðverk*
- *Hurðaísetning: Þráinn Smiður ehf*

Iðnmeistarar:

- *Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson*
- *Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson*
- *Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason*
- *Blikksmíðameistari: Finnbogi Geirsson*
- *Dúklagningameistari: Örn Gunnarsson*
- *Múrarameistari: Yngvi Eiríksson*
- *Málarameistari: Ágúst Garðarsson*

**7. Aðstaða verktaka.**

Fram til 7.febrúar var nýbygging kynnt með vatnshitablásurum, þá var hleypt á ca. 70% ofna hússins. Þann 15. febrúar var hleypt á fleiri ofna, nú er kominn hiti á um 90% ofna í nýbyggingu. Búið er að loka fyrir vatn að vatnshitablásurum og unnið að því að fjarlægja þá.

**8. Athafnasvæði.**

*Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar.*
*Mikilvægt að vinnusvæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið.*

**9. Veitustofnanir.**

Heimæðar:
*Heimæðar fyrir bæði heitt og kalt vatn hafa verið lagðar inn í nýbyggingu.*

Rafmagnsheimtaug:
*Uppsetningu aðaltöflu er lokið og var hleypt á aðaltöflu síðastliðinn föstudag (07.09.2018).*

Samskiptastrengir:
*Bæði Míla og Gagnaveita hafa lagt ídráttarrör sín inn í nýbygginguu.*

*Rætt um greiðslur vegna rafmagns og hitaveitu. Eftirlit í samráði við verktaka kemur til með að taka aflestur á mælum nú um mánaðarmótin. Allar líkur eru á því að Hafnarfjarðarkaupstaður sé búinn að vera að greiða fyrir rafmagn og heitt vatn að undanförnu. Farið verði í uppgjör til samræmis við aflestur, verktaka ber að greiða fyrir á meðan á verktíma stendur, í framhaldinu verði greiðslur fært á hendur Munck út verktíma.*
Eftirlit í samráði við verktaka tóku aflestur á mælum um mánaðarmótin janúar/febrúar. Eftirlit hefur sent stöðu mæla á verktaka með orðsendingu nr. 101. Óskað var eftir því að verktaki gangi sem fyrst í að gera breytingu á greiðanda hjá veitum. *JIG*

*Verkkaupi kemur til með að leggja inn umsókn fyrir símalínu vegna lyftu.*
Almennt er farið að notast mikið við GSM símkort í lyftur, lyftur sem notast er við í verkinu eru með slíkan búnað og styðja notkun þess. Það er því hægt að fullklára frágang á lyftum og úttekt þeirra án símalínu.
Hins vegar þarf símalínu vegna brunaviðvörunarkerfis, gengið verður áfram eftir því að útvega símalínu í nýbyggingu. *GÓV*

**10. Samstarf við aðra.**

*Verkkaupi (GÓV/ASÞ) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.*

**11. Gæðamál.**

*Verktaki hefur afhent gæðahandbók (barst 23.02.2018).*

**12. Vinnutími.**

Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 18:00 en á laugardögum frá 09:00 til 16:00. Einnig er unnið tilfallandi lengur.

## 13. Mannafli og tæki frá síðasta verkfundi.

| Tæki á verkstað | |
|---|---|
| Skotbómulyftari | 2 |
| Hjólagrafa | 0-1 |
| Vörubíll með krana | 0-1 |
| Loftpressa (eftir þörfum) | 1 |
| Byggingarkrani (Liebherr 81k) | 1 |
| Tækja og geymslugámar | 1 |
| Hefill | 0 |
| Valtari | 0 |
| Jarðvegsþjappa | 1 |
| Minigrafa | 0-1 |
| Efnisgámar – Timbur/stál/annað | 2 |
| Efnisgámar – Á Álfaskeiði | 2 |
| Vinnupallar á stærstum hluta húss | - |
| Spjót | 1 |
| Vörubílar | 0 |
| Bobcat | 1 |
| Saxlyfta | 2 |
| Mannkarfa | 1 |
| | |

| Mannafli á verkstað | |
|---|---|
| Staðarstjórar | 0 |
| Verkstjórar | 2 |
| Tæknimaður | 1 |
| Mælingarmaður | 0-1 |
| Smiðir | 4 |
| Múrarar | 0-2 |
| Jarðvinna | 2-3 |
| Verkamenn | 5 |
| Rafvirkjar | 4-5 |
| Píparar | 3-4 |
| Blikkarar | 0-4 |
| Málarar | 4-5 |
| Kjarnaborun | 0 |
| Pappalögn | 0-2 |
| Gluggaísetning | 4 |
| Lóðarfrágangur | 5 |
| Utanhússklæðning | 5 |
| BIK innréttingar | 0 |
| Lyfta Kone | 0-2 |
| Dúkarar | 4 |
| Ísetning innihurða | 4 |
| Þakfrágangur | 0-6 |
| **Samtals:** | **47-68** |

## 14. Dagskýrslur.
Verktaki hefur sent dagsskýrslur til og með 09.02.2019. Verktaki kemur til með að senda nýjustu dagsskýrslur síðar í dag.

## 15. Veðurfar.
Frá síðasta verkfundi hefur verið hlýtt í veðri, snjólaust en úrkomusamt og hvasst.

## 16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.
**Verkstaða:**




<u>Aðstaða</u>
Aðstöðuskópun er lokið.
<u>Jarðvinna</u>
Jarðvinnu er lokið að miklu leyti en eftir er að vinna;
Um 50% lagnaskurða meðfram norðurhlið og 100% lagnaskurða meðfram vesturgafli.
Eftir er að grafa fyrir um 40 % loftræsistokka í jörðu og fylla yfir þá.
Eftir er að grafa fyrir fituskilju og tilheyrandi búnaði.
Eftir er að efnisskipta í inngarði.
<u>Burðarvirki</u>
Uppsteypu er lokið nema; 6 stk svalasúlur á 3. hæð.

Stálsúlur (SHS) í tengigang hafa verið settar upp, suðuvinnu er lokið og úttektarskýrsla verið afhent eftirliti. Stálsmíði skyggna er í langt komin, er í galvanhúðun.
Búið er að slá upp fyrir súlum á 3.hæð og koma fyrir ísteyptum festingum fyrir svalaskyggni, verða steyptar í vikunni.

Lagnir

Búið er að leggja lagnir undir grunnplötur. Regnvatnslagnir er búið að leggja að fullu sunnan og austan við hús, 60% norðan við hús og 30% á vesturgafli. Búið er að leggja lagnir og niðurföll í bílaplani.
Lagnavinnu undir inngarði og tengigangi er að mestu leyti lokið.
Búið er að koma fyrir innsteyptum niðurföllum í svalagólf.
Lokið er að steypa með frárennslislögnum í lóðréttum hæðarskilum og er langt komið með að steypa með hitalögnum.
Lokið er að leggja lagnir utanhúss, þ.e. undir útkragandi byggingarhluta.
Uppsetning þakniðurfallsröra er lokið um 90%.
Vinna við tengigrind er í gangi og er búið að hleypa á hana að hluta og um 90% ofna.
Snjóbræðsla hefur verið lögð frá aðalinngangi (austur) og að malbikuðum stíg norðan nýbyggingar.

| | Kjallari | 1.hæð | 2.hæð | 3.hæð | 4.hæð |
|---|---|---|---|---|---|
| *Fráveitulagnir* | 100% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Vatnsúðalagnir* | 50% | 95% | 95% | 95% | 50% |
| *Hitalagnir* | 95% | 95% | 95% | 95% | - |
| *Gólfhitalagnir* | 100% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Ofnar* | 90% | 93% | 93% | 93% | 100% |
| *Neysluvatnslagnir* | 95% | 95% | 95% | 95% | - |
| *Vatnskassar* | 100% | 100% | 100% | 100% | |
| *Sprinklerstútar* | - | - | - | - | - |

Búið er að þrýstiprófa stofnlagnir hitalagna á göngum og innan íverurýma.
Búið er að þrýstiprófa sprinklerlagnir. Farið er að huga að þrýstiprófun neysluvatnslagna.
Unnið er að breytingum sprinklerlagna yfir eldhúsaðstöðu í sameiginlegum rýmum (austur- og vesturhluta).

Raflagnir

Vinna við raflagnir í lóð er lokið, nema ljósapollar í stíg með norðurhlið byggingar.
Búið er að leggja hringjörð jarðskauts (eftir að mæla það).
Vinnu við aðaltöflu er lokið og búið er að hleypa á hana. Smíði annarra rafmagnstafla er lokið, sjö rafmagnstöflur eru komnar á verkstað og uppsetning þeirra hafin á 1.hæð (austur- og vesturhluta).
Uppsetning fólkslyfta er langt komin, um 90% lokið, úttekt er eftir.

| | Kjallari | 1.hæð | 2.hæð | 3.hæð | 4.hæð |
|---|---|---|---|---|---|
| *Vinnulýsing* | 100% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Raflagnastigar* | 100% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Röralagnir (léttir veggir)* | 95% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Útdráttur lágspenna* | - | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Útdráttur smáspenna* | - | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Aðalstofnar* | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Brunakerfi strengir* | - | 95% | 95% | 95% | - |
| *Upps. tengla og rofa* | | 90% | 70% | 100% | |
| *Upps. Lampa* | - | 50% | 10% | - | - |

## Frágangur utanhúss

Frágangur þakflatar, búið er að einangra um 70% og setja neðra lag asfaltdúks ofan á um 70% þakflatar.
Þak tengigangs kjallara er lokið.
Á suður-, norður- og austurhlið er einangrun útveggja og vinna við múrkerfi langt komin.
Verktaki er búinn að tjalda utan um svalir á norðurhlið, undirbúningur vegna lagfæringa og frágangs á yfirborði svalagólfa kominn af stað.
Svalahandrið eru komin í smíði.

| | **Vesturhlið** | **Austurhlið** | **Norðurhlið** | **Suðurhlið** |
|---|---|---|---|---|
| *Vinnupallar* | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Þétta lárétt steypuskil* | 100% | 100% | 90% | 100% |
| *Gluggaísetning* | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Einangrun útveggja* | 100% | 100% | 100% | 90% |
| *Festivinklar klæðninga* | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Leiðarar og undirkerfi* | 100% | 100% | 95% | 75% |
| *Álklæðning* | 90% | 90% | 80% | 80% |

## Frágangur innanhúss

Búið er að hlaða veggi í baðaðstöðu í kjallara.

| | **Kjallari** | **1.hæð** | **2.hæð** | **3.hæð** | **4.hæð** |
|---|---|---|---|---|---|
| *Innveggir (grindur)* | 100% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Innveggir (einföldun)* | 100% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Innveggir (Tvöföldun)* | 90% | 100% | 100% | 90% | - |
| *Veggir með skolkossum* | - | 100% | 100% | 100% | - |
| *Gifsbitar* | 80% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Steinslípun* | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Föst gifsloft* | - | 95% | 95% | 95% | - |
| *Sandspörslun* | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Sparslvinna innveggir* | 70% | 95% | 95% | 90% | - |
| *Rykbinding* | 100% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Málun* | 50% | 80% | 80% | 70% | - |
| *Múrviðgerðir* | 100% | 100% | 100% | 100% | - |
| *Gifsafklæðning innr.* | - | 100% | 100% | 100% | - |
| Innréttingar íverurými | - | 100% | 100% | 95% | - |
| Múrhúðun gluggakanta | 80% | 100% | 100% | 100% | 50% |
| Festingar fyrir lyftib. | - | 100% | 100% | 100% | - |
| Kerfisloft | - | 70% | 50% | 40% | - |
| Dúklögn íverurýma | - | 100% | 100% | - | - |
| Dúklögn baðherbergja | - | 55% | - | - | - |
| Dúklögn annarra rýma | - | - | - | - | - |
| Innihurðar íverurýma | - | 60% | 60% | - | - |

## Flotun gólfa:

Flotun er lokið, nema tengigangur kjallara.

| | **Kjallari** | **1.hæð** | **2.hæð** | **3.hæð** | **4.hæð** |
|---|---|---|---|---|---|
| *Flotun* | 90% | 100% | 100% | 100% | 100% |
| *Ílögn baðherbergja* | - | 100% | 100% | 100% | - |

## Loftræsing:

Uppsetning loftræsikerfis er mjög langt komin en eftir er; uppsetning dreifara og ventla (hafið), útsogsblásara á þaki og ferskloftsventla í veggjum. Loftræsistokkum og brunnum í jörðu er lokið ca. 40%.
Búið er að breyta loftstokkum að hluta til yfir eldhúsaðstöðu, þ.e. skipta út sívölum loftstokkum yfir kantaða.

| | Kjallari | 1.hæð | 2.hæð | 3.hæð | 4.hæð |
|---|---|---|---|---|---|
| *Stofnlagnir* | *100%* | *100%* | *100%* | *90%* | - |
| *Útsogsstokkar* | - | *100%* | *100%* | *100%* | - |
| **Fersklofstventlar:** | | | | | |
| *Steypa í núverandi göt* | - | *100%* | *100%* | *100%* | - |
| *Kjarnaborun* | - | *100%* | *100%* | *100%* | - |
| *Asfalt yfir núverandi göt* | - | *100%* | *100%* | *100%* | |
| *Ísetning fersklofstventla* | - | 95% | 85% | 85% | - |

Lóðarfrágangur:
Búið er að grafa fyrir og koma niður ljósastaurum.
Búið er að grafa fyrir, steypa og fylla að steyptum veggjum djúpgáma sorps.
Djúpgámar eru komnir til seljanda, verða teknir á verkstað þegar það hentar.
Búið er að malbika bílastæði (02.09.2018) og steypa kantstein (09.10.2018).
Hellulögn austan við nýbyggingu (framan við heilsugæslu) er lokið, ca. 40%.
Búið er að jafna undir snjóbræðsluslaufur meðfram austurgafli og inn að aðalinngangi.
Búið er að koma fyrir undirstöðuhólkum og steypa fyrir timburpall og girðingu, fyllt hefur verið með þeim að hluta.
Eldri húshlutar:
Búið er að fjarlægja klæðningu útveggja Sólvangs þar sem tengigangur leggst að, gert 7.-8. apríl.

**Næstu verk:** (2 vikur, eða að næsta verkfundi)
Aðstaða
Hugsanlega verði hugað að lagfæringu á vinnugirðingu norðan við nýbyggingu, meðfram göngustíg.
Jarðvinna
Jarðvinna sunnan við nýbygginguna, stefnt að niðurlögn loftræsiröra í jörðu og fylla að. Unnið í lagnaskurðum meðfram suðurhlið.
Burðarvirki
Koma fyrir ísteyptum festingum í súlur 3.hæðar og steypa súlur.
Stálvirki skyggnis yfir anddyri og svölum er langt komið í smíði, er komið í galvanhúðun, stefnt á að uppsetning hefjist.
Lagnir
Áfram unnið að uppsetningu vatnsúða-, neyslu- og hitalagna.
Vinna að uppsetningu þakniðurfallsröra.
Vinna að tengigrind húss.
Breytingar á lagnaleiðum sprinklerlagna ofan eldhúskróks í sameiginlegum rýmum.
Raflagnir
Tengivinna, frágangur strengja inn í töflur.
Vinna að uppsetningu rafmagnstaflna.
Áfram unnið við tengla og rofaísetningu.
Vinna að uppsetningu lampa í íverurýmum.
Loftræsilagnir
Niðurlögn á loftræsilögnum í jörðu.
Vinna áfram að ísetningu fersloftsventla að utanverðu.
Steypa undirstöðuplötu fyrir loftinntakshof.

<u>Frágangur utanhúss</u>
Halda áfram með frágang þakflatar.
Verktaki vinnur að útfærslu/teikningum af festingum flóttastiga.
Vinna að yfirborðsfrágangi svalagólfa ef aðstæður/veður leyfir.
Vinna áfram að uppsetningu álklæðningar og hefja vinnu við uppsetningu timburklæðningar undir svölum.
Klára ísetningu útihurða.
<u>Frágangur innanhúss</u>
Vinna áfram að frágangsvinnu glugga að innanverðu.
Vinna að uppsetningu á burðarkerfi og kerfisloftaplötum.
Unnið að málun, lögð áhersla á baðherbergi 2. og 3.hæðar.
Vinna að dúklögn gólfa og veggja baðherbergja á 1. og 2.hæð.
Vinna að dúklögn íverurýma á 3.hæð.
Unnið áfram í íverurýmum að ísetningu á bæði innihurða og rennihurða baðherbergja.
<u>Lóðarfrágangur</u>
Svæði norðan heilsugæslu/austan nýbyggingar;
Vinna áfram að hellulögn að austurgafli og inn að aðalinngangi (ef veður leyfir).
Unnið að timburpalli.

**17. Verkáætlun.**

Verktaki lagði fram uppfærða verkáætlun á verkfundinum, 27.02.2019 (dagsett 22.02.2019). Á uppfærðri verkáætlun hefur orðið tilfærsla á einstaka verkþáttum, en verklokadagsetning er óbreytt frá síðustu áætlun, þ.e. 3. júní 2019. Verktaki kemur til með að senda verkáætlunina formlega frá sér síðar í dag. *JIG*
Reiknað er með að glervirki tengigangs komi á verkstað í kringum 20.mars.

Verktaki leggur fram eftirfarandi bókun með nýrri verkáætlun;
Dagsetning verkloka hefur ekki breyst. Aukaverk hafa veruleg áhrif á frágang innanhúss sem er klárlega bundin leið miðað við núverandi verkstöðu. Verkþættir eru unnir í ákveðinni röð og verður að klára viss þætti áður en aðrir geta hafist. Sem dæmi verður að klára gifsveggi og bita áður en sparslað og málað er. Að sama skapi verður að mála áður en dúkalögn getur hafist. Eftir dúklögn getur ísetning hurða og uppsetning innréttinga hafist. Fjöldi útgefinni teikninga sýnir glögglega að sífellt er verið að breyta sem leiðir til aukaverka og hefur áhrif á verkáætlun og framvindu.

**18. Hönnun (breytingar).**

Sjá frekari atriði sem bókuð eru undir kafla *34 - Önnur mál*.

**19. Teikningar og önnur gögn.**

Frá síðasta verkfundi (nr.43) hafa verið gefnar út:

- 13 breyttar og 3 nýjar verkteikningar arkitekta

Samtals: 16 verkteikningar frá síðasta verkfundi.

Alls hafa því verið gefnar út 321+106+106+135+18 = 686 breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lóð), auk þess sem 35 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.

Verktaki leggur fram eftirfarandi bókun;
Á síðasta verkfundi gerði verktaki athugasemd við lið fundarlið nr. 19 – Teikningar og önnur gögn, samantekt útgefinna teikninga í verkinu og óskaði eftir að eftirlit færi yfir málið.
Eftirlit sagði munu gera það en bókaði hvorki athugasemd né fór yfir samantekt útgefinni teikninga sem er ennþá röng miðað við fjölda teikninga á teikningavefverkefnisins Dropbox.
Samantekt frá Dropbox:

| **Sólvangur** | Gildar | Ógildar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Aðaluppdrættir | 10 | | 10 |
| Arkitekt | 127 | 337 | 464 |
| Burðarvirki | 26 | 107 | 133 |
| Lagnir | 66 | 106 | 172 |
| Lóðarfrágangur | 12 | 19 | 31 |
| Rafkerfi | 96 | 135 | 231 |
| **Samtals** | **337** | **704** | **1041** |

Eftirlit kannast ekki við að hafa rætt um að hafa ætlað að fara heildstætt yfir teikningar á verkefnavef. Eftirlit upplýsti að haldið hafi verið utan um breyttar/nýjar verkteikningar á milli verkfunda. Eftirlit kemur til með að fara yfir sögu teikninga til samræmis við bókun og yfirlitstöflu frá verktaka. *HÁ*

Verktaki kallar eftir lista yfir væntanlegar breyttar/nýjar verkteikningar frá hönnuðum og útlistun á hvenær þeirra er að vænta.
Eftirliti er kunnugt um að von sé á eftir eftirfarandi teikningum;

- *Tenging við eldri byggingu, tengigangur kjallara. Unnið er að uppfærðum verkteikningum hvað þetta varðar, eftirlit mun sömuleiðis senda frá sér orðsendingu.* *ASÞ*
- *Útfærsla/deili af frágangi kerfislofta við glugga og gardínur í sameiginlegum rýmum (kappi fyrir rafdrifnar rúllugardínur).*
  Afgreitt.

*Eins og áður hefur komið fram varðandi inngarð skal verktaki fjarlægja lífrænan jarðveg (mold) úr inngarði og fylla upp með burðarhæfu fyllingarefni í kóta +15.00. Ekki liggja fyrir frekari fyrirmæli um framkvæmdir í inngarði.*

**20. Efnisútvegun / efnisvottorð.**

Verktaki hefur sent eftirfarandi efnissamþykktir frá síðasta verkfundi;
Snjóbræðslulagnir (uppfært), Stálsmíði: Skyggni, handrið og festingar.

Frá síðasta verkfundi hefur eftirlit formlega afgreitt/ svarað eftirfarandi;
Snjóbræðslulagnir (uppfært).

Eftirlit vinnur að því að yfirfara og afgreiða, í samráði við hönnuði, útistandandi efnissamþykktir til verktaka. Meðfylgjandi tafla er yfirlit yfir opnar efnissamþykktir. *HÁ*

| Óafgreiddar efnissamþykktir | | |
|---|---|---|
| **Efnissamþykkt** | **Ábyrgð** | **Skýring** |
| #6.4-2-3.0 Þétting milli karms/steins | Munck | *Eftirlit hefur tekið afstöðu til* |
| #6.4-5.1 Festingar glugga | Munck | *Eftirlit hefur tekið afstöðu til* |
| #6.9.1-1.0 Reyklúgur | Munck | *Eftirlit hefur tekið afstöðu til, óskað eftir gögnum.* |
| #6.6-2.1 Smíðateikningar skyggna | Munck | *Eftirlit hefur tekið afstöðu til* |
| #6.6-3.0 Svalahandrið | Munck | *Eftirlit hefur tekið afstöðu til* |

*Rætt um baðker í baðaðstöðu í kjallara, skoða þarf hvort til sé tilboðsliður og verklýsing í samningsgögnum.*

**21. Viðbótarsamningsverk.**
Ekkert bókað.

**22. Aukaverk.**
Verktaki hefur vakið athygli á eftirfarandi aukaverkum:
*Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur. Teikning hefur verið afhent, eftirlit mun senda orðsendingu sem gerir frekari grein fyrir verkþætti.* Ó.br. *ASÞ*

*Lögð verður áhersla á að afgreiða efnislega þau aukaverk sem þegar hafa verið unnin. Krafa verktaka um biðtíma er enn óafgreidd en eftirlit og staðarstjóri verktaka hafa fundað vegna þessa.* Eftirlit hefur tekið afstöðu til, með orðsendingu nr. 064. Verktaki mun svara. *ÁH*

*Verktaki upplýsir um að hann líta á það sem aukaverk að steypa stalla undir gólfsíða glugga. Eftirlit mun skoða gögn hvað það varðar.* Eftirlit hefur tekið afstöðu til, með orðsendingu nr. 061. Verktaki mun svara. *ÁH*

*Verktaki vekur athygli á verkþáttum í lóðarfrágangi sem ekki eru til einingaverð fyrir, eins og t.d setbekkur við aðalinngang og lágbandagirðing.*

*Verktaki kallar eftir viðbrögðum við orðsendingu sinni nr. 038, uppgjör á vinnu vegna tengigangs (burðarvirki).* Rætt hefur verið að verktaki taki saman og geri grein fyrir kröfu sinni vegna þessa, er í vinnslu hjá verktaka. *ÁH*

*Finna þarf grundvöll til uppgjörs fyrir gifsafklæðningu innréttinga í íverurýmum. Sýnishorn af lausn var skoðað og samþykkt.* Eftirlit og verktaki hafa magntekið létta gifsveggi og bita, útreikningar liggja fyrir. Fundað verði í framhaldinu og farið í magnuppgjör á tilboðsliðum. *ÁH/ASÞ*

*Verktaki kallar eftir nýrri tilboðsskrá/magnskrá fyrir innihurðir.* Eftirlit hefur farið yfir sent breytingar/uppfærða tilboðsskrá/magnskrá, s.br. orðsending eftirlits nr. 091.

Verktaki hefur kallað eftir aukaverkabeiðnum vegna eftirfarandi;

*Beiðni fyrir breytingum á loftræsistokk og lagnaleiðum í baðaðstöðu kjallara, í framhaldi af sameiginlegri skoðun vegna lofthæða og lagnaleiða.* Eftirlit hefur sent aukaverkabeiðni nr. 123.

Sömuleiðis breytingar á raflagnastiga við þvergang í kjallara. Eftirlit er að skoða. *HÁ/ASÞ*

*Gifsloft neðan við loftræsistokka í eldhúsaðstöðu í sameiginlegum rýmum (austur- og vesturhluta), neðan við brunalokur.* Eftirlit hefur sent aukaverkabeiðni nr. 124.

Beiðni fyrir að koma fyrir músa/skordýraneti við neðstu brún klæðningar, lokun með loftun. *HÁ*

**23. Magntölur.**

- *Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjörs verkþáttar. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum.* *ÁH*
- *Verktaki hefur sent frá sér útreikninga varðandi magnaukningu á einangrun á grunnplötu.*
- *Athygli er vakin á því að flotílögn sé líklegast nokkuð vanáætluð í magnskrá.*
- *Verktaki vekur athygli á að líklega verði magnaukning í rafmagnsdósum og röralögnum, verktaki gerir grein fyrir því þegar gögn liggja fyrir.* *ÁH*
- *Verktaki vekur athygli á hugsanlegri magnaukningu á utanhússklæðningu. Verktaki hefur sent frá sér orðsendingu og mælibréf vegna magnaukninga í álklæðningu, hornáfellum og vatnsbrettum.* Eftirlit hefur farið yfir og magntekið umrædda tilboðsliði, s.br. orðsending eftirlits nr. 100.
- *Verktaki vekur athygli á að magntölur kerfisloftaplatna séu á skjön við magnskrá.*
- *Verktaki vekur athygli á breytingum sem orðið hafa verið á innréttingum, innihurðum og gluggum. Þörf sé á að endurskoða magnskrá vegna þessa.* Eftirlit hefur farið yfir uppfært magnskrá m.t.t. verkteikninga, s.br. orðsending eftirlits nr. 091.
- *Upplýst um magnaukningu í tilboðslið 3.8.1 - Kjarnaborun.*
- *Upplýst um magnaukningu í kúlulokum.*
- *Verktaki upplýsir um magnaukningu á heildarmagni gifsveggja, áætlað heildarmagn allra gerða aukist um 900m2. Líklegt þykir að vegna þessa verði þá sömuleiðis magnaukning á máluðum veggjum. Verktaki hefur gert grein fyrir magnaukningu á gifsveggjum með orðsendingu sinni nr. 78.* Verktaki hefur sent frekari gögn með orðsendingu sinni. Eftirlit hefur farið yfir umrædda tilboðsliði og magntekið, s.br. orðsendingu eftirlits nr. 084. Eftirlit og verktaka ber ekki alveg saman hvað þetta varðar, koma til með að fara yfir í sameiningu og afgreiða. *HÁ/ÁH*
- *Magn á timburklæðningu undir skyggni, yfir svölum og aðalanddyri er minna en magnskrá gerir ráð fyrir.*
- *Eftirlit hefur farið yfir og magntekið málun léttra veggja og bita, s.br. orðsendingu eftirlits nr. 085.*
- *Verktaki upplýsir um magnaukningu á stáli í skyggnum yfir svölum/aðalanddyri, kemur til með að senda frá sér mælibréf hvað það varðar.* *ÁH*

- Verktaki bendir á að umfang handlista á baðherbergjum íverurýma hafi aukist frá útboðsstigi.

*Aðilar sammála um að klára uppgjör á loknum og langt gengnum verkþáttum eins fljótt og kostur er.* Eftirlit kallar eftir því að farið verði í uppgjör á þeim verkþáttum sem loknir eru og eða langt komnir, t.a.m burðarvirki og jarðvinna.

**24.** **Rannsóknir.**
*VPS verkfræðistofa hefur tekið út suðuvinnu stálsúlna og hefur verktaki sent úttektarskýrslu á eftirlit. Eftirlit hefur kallað eftir frekari upplýsingum með úttektarskýrslu, þ.e. auðkenningu/frekari upplýsingar um merkingu súlna, verktaki er að skoða og mun svara.* Eftirlit ítrekar ósk sína að fá frekari upplýsingar um auðkenningu stálsúlna. *ÁH*

**25.** **Mælingar.**
Innmæla þarf lagnir í inngarði áður en þær verða huldar.

Hljóðmæling verður framkvæmd á innihurðum íverurýma nú á næstunni og hefur eftirlit undirbúið það. Verktaki mun upplýsa eftirlit þegar ísetning a.m.k. þriggja hurða er fullfrágengin, eftirlit skipuleggur hljóðmælingu í framhaldinu.

Verktaki innmældi kopartengi á samtengingu snjóbræðslulagnar við norðausturhorn nýbyggingar, við göngustíg að norðanverðu.

**26.** **Bréf/orðsendingar.**
Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 102.
Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 107.

**27.** **Reikningar.**
Verktaki hefur sent eftirliti drög að framvindureikningi nr. 21.

**28.** **Kröfur.**
Bréf frá Logos, með kröfum verktaka hefur borist til Juris (verkkaupa), dagsett 11.12.2018. Í umræddu bréfi eru upplistaðar fram komnar kröfur verktaka.

Verkkaupi og verktaki hittust á fundi vegna krafna, þann 13.12.2018. Minnisblað frá umræddum fundi var sent út þann 18.12.2018.

Nýtt bréf frá Logos, með kröfum verktaka hefur borist verkkaupa, dagsett 28.janúar 2019.

**29.** **Tafabætur.**
Ekki tekið fyrir.

**30.** **Rif gamalla mannvirkja.**
*Skoða þarf frekar og gera grein fyrir tengigangi kjallara, þ.e. hvernig tenging við eldri byggingu verði útfærð, s.br. umræður og bókun þar um á rýnifundi nr. 021.* Ó.br. frá síðasta verkfundi. *ASÞ*

**31. Úttektir, byggingafulltrúi.**

*Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.*

*Óskað hefur verið eftir því að verktaki sendi frá sér afrit af teikningum/kortlagningu uppsettra eldvarnarborða. Verktaki hefur sent eftirliti myndir og yfirlitsmynd af þegar uppsettum eldvarnarborðum, skoða þarf möguleika þess að keyra út gögn úr forriti. Þannig að gögn séu aðgengileg eftir að verktíma lýkur (t.d. PDF).*
Verktaki staðfestir að þeir sem aðgang hafa að verkefnavef þeirra (Procore) geti skoðað umrædd gögn. Óskað er eftir því að verktaki skoði frekar hvort hægt sé að keyra út gögn úr verkefnavef, ef ekki þarf að ganga úr skugga um að umrædd gögn séu sett fram á annan máta þannig að þau séu aðgengileg eftir framkvæmdatíma, t.a.m grunnmynd með tilvísun í ljósmyndir sem viðhengi. *ÁH*

*Rætt um áfangaúttektir lagna, hafa þarf í huga að taka út t.a.m stofnlagnir loftræsingar sem ganga upp á milli hæða. Þær þarf að taka út áður en lagnastokkar eru klæddir af (eru í sama brunahólfi og kjallari).* Búið er að taka út lóðrétta loftræsistokka (á milli hæða), verktaki á eftir að fá afhenta staðfestingu/úttektarblað. Ó.br. frá síðasta verkfundi. *GÓV*

*Rætt um setja upp nýja möppu á verkefnavef (Dropbox), þar verði komið fyrir úttektarblöðum/skýrslum vegna úttekta/þrýstiprófana lagna.* Búið er að setja upp nýja möppu á verkefnavef, „Úttektir“.

*Rætt var að frágangur þakflatar sé úttektarskyldur skv. byggingarreglugerð.* Frágangur þakflata hefur verið tekin út jafnóðum, samhliða vinnu, heldur áfram þar til frágangi þakflatar er lokið að fullu.

Þrýstiprófun á snjóbræðsluslaufum austan nýbyggingar og inn að aðalinngangi, slaufur nr. 2.1-2.5, fór fram þann 20.03.2019.

**32. Verklok.**

Samanber bókun undir fundarlið nr. 17 lagði verktaki fram nýja uppfærða verkáætlun á fundi, afhendir hana formlega síðar í dag. Verklokadagsetning er óbreytt frá fyrri verkáætlun, 3. júní 2019.

Verkkaupi upplýsir, líkt og fram hefur komið í orðsendingum, að búið sé að samþykkja formlega framlengingu á verktíma um 29 daga. Verktaki bendir á að enn séu að berast nýjar/uppfærðar verkteikningar.

**33. Samningslok.**

Ekki tekið fyrir.

**34. Önnur mál.**

Eftirlit og verktaki funduðu vikulega, þ.e. „stöðufundir úrlausna“. Ekki hefur verið fundað undanfarið, aðilar halda því opnu í framhaldinu og verður fundað eftir þörfum.

*Verktaki óskar eftir frekari skoðun á hvernig handlistar í tengigangi verði útfærðir, m.t.t festinga þeirra og afstöðu miðað við ofna sem uppsettir*

*verða í tengigang. Teikning hefur verið afhent verktaka. Verktaki bendir á að bil á milli handlista og veggjar uppfylli ekki lágmarkskröfur reglugerðar, eftirlit mun skoða í samráði við ráðgjafa.* Búið er að uppfæra og gefa út teikningu.

*Rætt var um gardínubrautir í íverurýmum, mögulega verða þær felldar út úr verkinu, eftirlit mun ræða við verkkaupa hvað það varðar og afgreiða sem fyrst.* Gardínubrautir ofan glugga „íbúða", verkliður 7.2.5, hefur verið felldur út. Samanber orðsending eftirlits nr. 094.

Verktaki kallar eftir frekari skoðun á frágangi nokkurra atriða;

- *Afstilling rennihurða í hurðargötum baðherbergja (hvar á hún að stoppa).* Afstaða rennihurðar liggur fyrir, komið inn á teikningu.
- *Útfærslu opnunar rennihurða í þremur frábrugðnum baðherbergjum í austurhluta og þá tilheyrandi útfærslum.* Óafgreitt. *ASÞ/HÁ*
- *Þörf og umfang á frágangslistum á úthorn í hurðargötum baðherbergja í íverurýmum.* Komið inn á teikningu, yfirlitsteikning stállista á úthorn (A 110) verður uppfærð til samræmis.
- Verktaki/eftirlit skoði útfærslu við þröskuld svalahurða.

*Unnið er að tengingu og undirbúningi áhleypingar snjóbræðsluslaufa sem liggja framan við aðalinngang og meðfram austurgafli. Verktaki upplýsir að snjóbræðslulagnir hafi verið sjónskoðaðar, eftirlit/byggingarstjóri árétta að þrýstiprófa þurfi umræddar slaufur áður en hleypt er á þær (með lofti líkt og rætt hefur verið um). Verktaki mun gera það og kalla eftirlit/byggingarstjóra til úttektar áður en hleypt verður á kerfi og snjóbræðslulagnir huldar.* Þrýstiprófun hefur farið fram, verktaki hefur einnig sent inn uppfærða efnissamþykkt vegna snjóbræðslulagna sem eftirlit hefur tekið afstöðu til og samþykkt í samráði við ráðgjafa.

Áréttað er að taka skuli út ísetningu og frágang innihurða áður en verkþáttur er fullkláraður, er þar horft til t.a.m pökkunar á steinull milli karms og veggjar. Verktaki sjái til þess að innri úttekt fari fram og eftirlit fái möguleika til úttektar sömuleiðis. *JIG/HÁ*

Eftirlit óskar eftir að verktaki sendi frá sér skissu/lýsingu sem gerir skilmerkilega grein fyrir hvernig verklagi er háttað í hurðaísetningu, í samræmi við umræður þar um. *JIG*

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

______________________________

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:

________________________________